



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 19.11. 2003

Frumvarp um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, 153. mál

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skylt verði að auglýsa opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra og að skilyrði fyrir skipun bankastjóra verði reynsla og víðtæk þekking á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að ákvarðanir í peningamálum séu að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið sé viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og komi gleggst fram í því að af 35 seðlabankastjórum víðs vegar um heiminn eru 33 menntaðir hagfræðingar. Í 17 af 18 löndum með verðbólgu markmið séu bankastjórnir hagfræðingar. Völd og ábyrgð bankastjórnarinnar séu mikil og nauðsynlegt sé að hún hafi tiltrú og njóti trausts sem fagleg og sjálfstæð stofnun.

Flutningsmenn breytingartillögunnar hafa talsvert til síns máls. Ætla má að nánari afmörkun hæfisskilyrða bankastjórnar myndi treysta sjálfstæði Seðlabankans enn frekar í sessi og þ.a.l. eðlilegt framhald af ákvörðun um aukið sjálfstæði bankans sem tekin var með setningu laga nr. 36/2001.

Það fyrirkomulag að hafa þrjá bankastjóra býður hins vegar upp á að bankastjórnin sé skipuð mönnum með ólíkan bakgrunn. Það getur tæpast verið tilgangurinn með þessum fjölda að manna bankastjórnina með einsleitri þrenningu. Það er því íhugunarefni hvort rétt sé að setja önnur og ríkari hæfisskilyrði við skipun formanns bankastjórnarinnar en hinna tveggja. Þá er hér einnig sett spurningamerki við það ákvæði frumvarpsins að krefjast reynslu af peningamálum þar sem það gæti skilist sem takmörkun við þann hóp manna sem hefði reynslu af störfum innan Seðlabankans eða hugsanlega starfsreynslu í fjármálafyrirtækjum.

Mikilvægt er að þeir sem ráðnir eru til starfa í bankastjórn Seðlabankans hafi myndugleika og njóti virðingar, innan sem utan bankans. Í ljósi hins mikilvæga hlutverks bankans fyrir vöxt og viðgang efnahagslífsins og þar með fyrir velferð landsmanna þá eru full rök fyrir því að sníða hæfisskilyrði fyrir skipun bankastjóra þannig að hæfni þeirra í starfi verði undirstrikuð.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þótt tilgangur flutningsmanna frumvarpsins með opinberri auglýsingu um umsóknir um starf seðlabankastjóra sé að fá hæfasta manninn í starfið er ekki endilega víst að auglýsing tryggi það. Ótvírætt er hins vega að það bindur hendur skipunarvaldsins í leit að hæfasta einstaklingnum. Ekki eru lagðar fram upplýsingar í greinargerð frumvarpsins um það hvort önnur ríki auglýsa starf seðlabankastjóra til umsóknar, en lausleg athugun SA gefur til kynna að það sé fátítt. Í Nýja-Sjálandi mun þó auglýst eftir umsóknum.

Í frumvarpinu eru ekki gerðar tillögur um hæfisskilyrði bankaráðs. Ef gerðar verða breytingar á lögnum í þá veru að krefjast víðtækrar þekkingar á efnahagsmálum er einnig rétt að huga að því hvort gera eigi formlegar hæfiskröfur til bankaráðsins.

Samtök atvinnulífsins styðja þann tilgang flutningsmanna frumvarpsins að treysta sjálfstæði Seðlabankans í sessi með því að tilgreina kröfur sem til bankastjóra eru gerðar. Til greina kemur þó að binda hendur skipunaraðila ekki eins mikið og frumvarpið gerir ráð fyrir og einnig að gera mismunandi hæfiskröfur til formanns bankastjórnar og hinna tveggja bankastjóranna.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri